

Jón Helgi Gíslason

Febrúar 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Halla Kristín Einarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

*[Donni eftir að hafa horft á grófklipp af þriðja þætti Svona fólks í byrjun árs 2017]*

Já þetta er alveg, tilfinningarússíbani. Já, þetta vekur upp margar minningar og mér finnst næstum því að þetta hafi verið í öðru lífi þegar ég horfi á þetta.

*HRA: Hvað er langt síðan þetta pilluviðtal var tekið? Það hefur mikið gerst síðan.*

Það er örugglega, ég held að þetta sé níutíu og, níutíu og, sjö eða átta. Og þetta er náttúrulega, lyfin hafa náttúrulega, þetta hefur breyst mikið, það eru færri töflur það er búið að þjappa þessu saman í, stóri kokteillinn orðinn minni í dag en ég er ennþá að taka þessi lyf sem verður bara vani og, en þetta minnir mann samt stöðugt á að þetta eru lyfin sem að halda í mér lífinu í dag. Og, en já minningarnar í kringum þetta og mér finnst mjög skrítið að sjá allt þetta fólk sko. Margt af þessu fólki er farið og vinir og góð vinkona mín. Hulda Waddell, er þarna og hún dó fyrir nokkrum árum síðan úr krabbameini. Fór sem sagt á undan. Já, ég hefði ekki trúað því einhvertímann að ég myndi lifa hana. Hana Huldu þessa elsku. Þetta. En ég er að mörgu leyti bara orðlaus sko eftir að horfa á þetta. Ég hef ekki séð þessi viðtöl, og skrítið að horfa á sjálfan mig þarna á tveimur mismunandi skeiðum þarna. Þrátt fyrir allt þá virkar þetta, vonin er þarna einhverstaðar samt þrátt fyrir alvarlegan sjúkdóm. Og ég man það alltaf, ég sagði reyndar að ég hélt alltaf í vonina með það að þrátt fyrir að vera, hérna vera kominn með alnæmi á lokastigi á þeim tíma og búið að halda fjölskyldufund og tala um að ég ætti þrjá mánuði eftir ólifað og hérna, en ég man þegar að þessi fjölskyldufundur var haldinn að þá var ég bara hérna heima inni í eldhúsi að mála eldhúsið. Þetta var eitthvað svo, abstrakt. Og hérna, og eins og ég sagði mér fannst þetta vera annað líf, í öðru lífi og ekki beint, erfitt að tengja við þetta í dag en það hefur svo margt breyst sem betur fer sko. En sársaukinn er þarna, ég meina söknuðurinn og áfallaferlið í raun og veru og sko sem að maður fór í gegnum þarna og ég á ágætis líf í dag en að mörgu leyti er ég enn þann dag í dag að vinna úr þessu ferli. Ég er að hitta sálfræðing núna vikulega uppi í Blindrafélagi. Það kom reyndar ekki fram að með CMV vírusinn sem var talað um þarna, þetta er hérna vírus sem að réðist á augun í mér og ég, fyrir svona tíu árum síðan var ég hérna sem sagt greindur lögblindur og búinn að vera að kljást við hérna, lækarnir eru búnir að vera að kljást við að bjarga í mér sjóninni í rúmlega tíu ár. Og svona

þótt maður hafi komist yfir þennan, þetta erfiða tímabil sko að vera orðinn, að lyfin voru að keyra sem sagt veiruna, alnæmisveiruna, HIV veiruna niður og, að þá var skaðinn skeður í mínu tilfelli að hérna með augun t.d. að þannig að ég gat ekki horft framhjá því að þetta var ennþá inni í lífi mínu. Þessi sjúkdómur hafði markerað mig og gerir enn. En já eins og ég segi þá, þetta hefur, ég sé t.d. nefni að tala um þroska og já ég, ég hefði reyndar viljað sleppa að ganga í gegnum þennan erfiða [hlær], þetta erfiða þroskaferli en hérna, en í dag lífi ég, hef ég lært að lifa með þessu, og svona já bara tekið lífinu eins og það kemur hverju sinni. Buinn að vera að lifa svolítið í núinu og, núna þegar ég fæ þessa, eða svona allar þessar klippur svona úr lífi mínu og annara, og já samt svo þakklátur fyrir alla þessa baráttu hjá fólki í raun og veru sem að komu þarna, kom inn í þessa baráttu, bæði baráttu hinseginfólks og hérna homm, sérstaklega hommannna á þessum erfiðu tímum og hérna ég, já. Það breytti, mér finnst svona í minningunni að, sko það kom aðeins inn á Íslensk-Lesbíska en ég man, í minningunni finnst mér alltaf að, mér finnst alltaf að lesbíurnar og hommarnir hafi staðið vaktina saman sko. Það var náttúrulega alltaf einhver svona kjarnafjölskylda af lesbíum og hommum sem að algjörlega stóðu vaktina alveg út til, til hins ýtrasta í, á þessum erfiðu tímum. Og, en líka hitt sko, það voru fordómar og fáfræði og einhverjir hurfu úr lífi manns og aðrir komu og eins og gengur og gerist og hérna, og en þannig er nú bara lífið heldur áfram, fólk kemur og fer.

914-2341.mfx

Það var Skóga-eitthvað, hérna hótelið á Skógum. En þá einhvern veginn hvarf út um gluggann sko brennivínsbindindið og það lágu allir í því, geðlæknirinn og Auður Mattíasdóttir og Trixie og ég og allir hinir sko og hérna svo átti að, við vorum búin að vinna sem sé einn dag og svo átti að, áttum við að vakna snemma og vinna. Og við erum mættir hérna í grúppuna okkar hérna á laugardegi minnir mig en þá var Páll, Páll stunginn af, geðlæknirinn. Þá hafði hann farið bara á einhvern sveitabæ á fyllirífinu um nóttina sko, hélt áfram og þá kom frá, þetta komment frá Bjössa, hann var nú oft svo orðheppinn. Já, vitiði hvað strákar, hún Svika-Pála er bara lét sig hverfa í nótt [hlær]. Það var geðlæknirinn. En svo, ég man eftir sko út af því það var fyllerí þá náttúrulega opnuðust allar gáttir sko, það lágu eiginlega bara allir í faðminum á Auði, Trixie og allir bara milli brjóstá hennar og hún var svona æ strákar mínir þú veist, það var svo fótógenískt móment sko. Hún þarna María

með alla herna Lazarusana grenjandi og við öll grenjandi saman sko. Þetta var, já og þessa nótt stakk geðlæknirinn af sko [hlær].

Svo herna, ég fór, ég vildi koma því að, ég fór sjálfur svo fyrir löngu í meðferð og er búinn að vera edrú í átján ár sko. Ég veit ekki hvort mig, mig langaði ekkert endilega. Ég var að spá, á ég að fara að telja það upp, ég er ekkert að skamm, nei. En svo man ég að ég var að fara með aðalfund upp á Vífilstaði einu sinni, þá mætti ég Svika-Pálu á slopp. Þá var hún komin í meðferð [hlær]. Þá skildi ég, jaaa, æ það geta allir orðið alkohólistar. Aumingja Svika-Pála mætt þarna í slopp. Og ég hugsaði til Bjössa sko, þá gat ég ekki sagt honum þetta, sagt Bjössi minn ég hitti Svika-Pálu, hún var komin í slopp [hlær].

*HK: Þú ert alla vega ekki svartur ennþá.*

Nei, það vantar bara. En ég herna giftist múslima. Þannig að, það var eitt af mínum samböndum sko.

*HRA: Þú ert náttúrulega úr Eyjum þannig að...*

Það verður að vera allt sko. Ég gat ekki náð mér í eitthvað svona, það var aldrei eitthvað einfalt [hlær].

*HRA: What a life. Ef að mann hefði grunað sko þarna á Kaffi Flóru, allt sem að lægi fyrir. Kannski er þetta alltaf svona.*

Já svo einmitt, það eru allir með sín, já það fá allir úthlutað einhverju sko. Ég man að ég hitti einhvertímann vinkonu mína, ég var að fara niður í Kolaport, þá var ég orðinn bara bein, beinagrind sko ég var svo, orðinn 50 kíló, var mjög veikur en ég var alltaf, það var svona sterkur andi í mér þannig að ég ætlaði bara í Kolaportið og, hafði alltaf verið svona ja bara venjulega vaxinn sko en þarna var ég orðinn bara merg og bein og hitti gamla vinkonu mína úr Vestmanneyjum. Og henni bregður svo þegar hún sér mig, auðsjáanlega, ég bara hafði ekki skyn á, já bara, hún hitti bara þarna mjög veikan einstakling sko og hún segir, hvað já, hvað er eiginlega í gangi? Já, ertu orðinn svona veikur eða eitthvað segir hún og ég segi: Elsku Bylgja mín það hafa allir sinn djöful að draga. Þú veist þá var ég ekki, bara þetta er svona svipað og þú ert að eiga við þín mál sko.

*HRA: Það var einn sem var. Það var gott að þú minntist á Auði. Það er ekkert um Auði.*

Já það þyrfti eiginlega að, hún er örugglega, og hún er eiginlega stór karakter í þessari sögu sko. Það er eiginlega, hún er sú fyrsta sem að...

*HRA: Ég þarf að hafa upp á henni. Hún verður að koma fram það er alveg rétt.*

Auður Matthíasdóttir. Já það held ég eiginlega að verði að koma fram.

*HRA: Við hljótum að geta fundið hana. En ég man að Susan Sontag var einmitt að tala um á sínum tíma að, hún skrifaði heila essay um hérna, þú veist Það væri þetta sko tiskulúkk hérna veikinda og þú veist, lastu þetta eftir Susan Sontag?*

Nei ég las það ekki en...

*HRA: Þetta er svona lítið kver sem að heitir On illness eða eh svoléiðis essay og eitt sem að sló mann var þú veist, tiskan á Victorianska tímabilinu tekur svolítið mið af berklasjúkum og þá var voða kúl að vera fólur og hún setti það aðeins saman við einmitt svona mjóar týpur sem að voru orðnar svolítið horaðar og... mögnuð*

Ef þú átt þetta máttu senda mér...

*HRA: ...reyna að finna þetta, finna þetta essay.*

En ég fór að hugsa sko, fannst ykkur þetta vera of, ég meina, ég er ekkert bara endilega uppörvandi í þessu, þú ert að taka þriðja viðtalið en sko maður er enn að vinna úr áfalla, finnst þér það vera á svona of neikvæðu hliðinni? Eða ykkur?

*HRA: Alls ekki. Nei, nei, nei, nei.*

Af því að ég myndi heldur ekki vilja búa til eitthvað að það sé orðið bara allt svo jolly sko. Bara svona heiðarlega sko.

*HRA: Það eru bara þessar auglýsingar sko.*

Mig langaði rosalega að gagnrýna Alnæmissamtökin en ég bara nenni því ekki lengur. Þú veist við, ég, nokkrir sem erum HIV jákvæðir og einmitt ekki svona póstergirllúkk. Eða fattaru, svona, af því ég þekki nokkra sem að eru með fötlun síðan út af HIV og svona, það er búið að, við köllum þetta svona, svona IKEAvæða Alnæmissamtökin og postergirl hérna bara. Það er einhvern veginn svona, eða það er búið að sópa út svolítið. Þau ákváðu, þau ákváðu bara hreinlega að gera, alnæmi ætti núna að vera, allir bara í núlli, þau eru svolítið

að selja að það eru eiginlega engin mál sem að við erum sumir ekki alveg sáttir við. Og auðvitað minntist ég þarna á fiklana. Að ég skil ekki hvað er í gangi þú veist ef að, þú ert að mála einhverja mynd af, eða upplifa þau þetta? Já, en þá eru þau að ýta út af borðinu hluta af fólki.

*HK: Hafa fiklar sótt í Alnæmissamtökin?*

Sko nú er búið að segja upp eina tengilið þeirra, bara í fyrra, það var félagsráðgjafi sem heitir Sigríður Hauksdóttir, sem var tengiliður allra HIV jákvæðra sem að smituðust á, eða greindust á Landsspítalanum. Hún var svona milliliður í að mögulega koma, þeim, já koma niður í Alnæmissamtök og svo, og svo var hún félagsráðgjafi þessa fólks sko. En nú vegna peningaskorts er búið að segja upp þessari stöðu. Þannig að.

*HRA: Já, já, þetta er alltaf baráttan...*

Já svo fer maður að hljóma, manni finnst maður vera að gagnrýna, þá er maður orðinn bitter queen with baggage eða eitthvað svona þú veist.

*HRA: You can count on it.*

You can count on it, já bitter with baggage. Ég var að pæla í að setja þetta einmitt bara í auglýsingu, contact auglýsingu. Available bitter queen with baggage, fyrstur kemur fyrstur fær [hlær].

...

En ég er a spá í herna sko hvað finnst ykkur þegar það er verið að mála hlutina svona? Og það er svo erfitt að, við erum svo meðvirkt samfélag líka, að það er erfitt að vera gagnrýn, eða sko gagnrýna þegar hópur svona hælulújakórs er að segja eitthvað, selja eitthvað en þú, æ þetta er svona Pollyönnu bitter dæmi sko. En maður er alltaf bitur ef að maður er að gagnrýna og maður færir rök fyrir máli sínu. Þetta er, já. Sko það er já, ég er svona leiðinlegi karlinn, sænsku karlarnir tveir á svölunum. Sé þá alltaf þarna í Puppet show, ömurleg sýning og [hlær].

914-2340.mfx

Það var sérstaklega erfitt og, og þau sem eru í myndbandinu og dóu og voru við dauðans dyr og, þetta er svona eiginlega okkar holocaust. Mér finnst þetta ótrúlegt að horfa til baka og,

og, hérna, sko líka að hafa lifað bara af á geðheilsunni sko, það finnst mér kannski kraftaverkið. Sko við okkar litla land við höfðum ekki það sem stóru þjóðirnar og stórborgirnar voru að bjóða upp, fólki í þessum aðstæðum, upp á alls konar svona sálfræðiaðstoð og áfallahjálp og við vorum eiginlega bara áfallahjálp hvers annars sko, við sem að vorum að berjast í hinseginbaráttunni líka. Og það eru svona góðar tilfinningar líka gagnvart því sko, þessi sam, þrátt fyrir þessi samhenta fjölskylda sem að hinsegin samfélagið okkar var í Samtökunum '78.

*HRA: Hún sagði einmitt hún Lana, við tókum viðtal við Lönu og ég er eiginlega sammála, ég held að við þjáumst af áfallastreituröskun.*

Við já, ég efast ekki um það. Mörg, einmitt þetta, ég, eins og ég segi, ég er auðvitað að hitta minn sálfræðing í dag svona út af, upprunalega var það, eða ég fór þarna inn til að tækla sjónskerðinguna og lögbblinduna en svo náttúrulega er maður að, bara öll önnur svið sko. Það er H, ég er að tala um þarna HIV og koma úr skápnum sem samkynhneigður á sama tíma og fleiri og fleiri mál. Þetta er allt svona bara púsla saman lífi mínu. Ég er að gera það í dag ennþá. Og það, já það bara, og mér finnst það gott sko, ég var einmitt að hitta hana bara í morgun og var að segja einmitt að ég væri að fara í viðtal við ykkur og, og mér fannst svo gott einmitt að fá að viðra þetta aðeins gegnum hausinn á mér hjá henni áður en ég hitti ykkur og af því að þetta er eilíft svona púsl að púsla saman hérna einhverri, ég upplifi þetta að vera að púsla saman sjálfsmynd sko eftir langa áfallastreituröskun og ég hef alla vega lært það að afneita ekki sko tilfinningum mínum sko ég á mínar gleði, góðu daga og slæmu, en hérna ég hef lært það að þora að stíga inn í sko sársaukafullar tilfinningar og nefna þær upphátt og vinna með þær og, mér finnst það fyrir mér í dag sigur. Að svona geta tjáð mig um þetta af því að, já það svona losar um bara streitu og mögulega einangrast með hlutina sko. Ég verð að segja í dag er aðeins búið að sko, ég veit ekki hvernig ég á að orða það. Það voru að greinast tuttugu manns í fyrra HIV jákvæðir. Sem er svona næstum því jafn stór tala og í upphafi alnæmisfaraldursins. Og ég er að spá í svona hversu sýnilega eða já hvað er verið að gera í raun og veru í dag? Það er ekki búið að uppræta alnæmi. Nú lifir bara fólk ágætu lífi út af lyfjunum en fólk er ennþá að smitast í stórum stíl. Og hérna mér finnst svolítið verið að selja hugmyndina núna í dag sko að þetta sé allt orðið allt í lagi. Núna er bara fólk á vinnumarkaðnum og svona veirumagníð er í núlli, fólk lifir, eigi að lifa bara svolítið ja. Mér finnst skilaboðin í dag og þetta er kannski smá svona gagnrýni á bara hérna

á að það sé ekki nógu mikið, hvað heitir það, fræðsla í gangi eða hvað er þarna alveg eins á íslensku? Vitundarvakning já. Mér finnst vanta svona þetta, fólk er í raun og veru eins og ég hef talað um einhverstaðar í einu klippinu þá var hérna fólk, það er ennþá til fólk sem að getur ekki notað lyfin af einhverjum ástæðum, mér finnst að hérna fíklar hafa verið svolítið hérna, þeir hafa svolítið gleymst finnst mér í dag í allri alnæmisumræðunni. Nú eru fíklarnir orðnir svona, sérstaklega sprautufíklarnir orðnir svona óhreinu börnin hennar Evu sko meðan við hommarnir vorum einhvern tímann í þeirri grúppu sko. Og ég veit í raun og veru ekki, ég hef ekki verið að starfa á, í þessum málum eins og ég gerði hérna á árum áður, bæði var ég skjólstaðingur lengi og ég vann í nokkur ár sem framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna á Íslandi og hérna, mér finnst alla vega vera komin svona nýr hópur svona af óhreina fólkinu sem að hommarnir voru einu sinni og það eru sprautufíklar. Það er, ég sé hvernig minnst á það.

*HRA: Ætli það sé einhver fræðsla í þessari Frú Ragnheiði?*

Sko ég hef nefnilega ekki kynnt mér það. Það eru hreinar nálar og allt þetta en ég vildi bara svona að það væri svolítið tekið utan um þennan hóp svona meira og já opinberlega. Að fólk þurfi ekki að berja, ég tala þarna líka í einni klippunni að svo berjast alltaf fyrir mannréttindunum, sko það er alltaf, við erum alltaf eftir á hérna á Íslandi í einhvern veginn öllum málum. Það þarf einhver að lenda í slysi eða veikjast eða deyja eða kalla á hjálp eða einhvern veginn, það er einhvern veginn við erum aldrei svona í, fyr eða svona á undan, við förum ekki á undan með góðu fordæmi til minnihlutahópa. Og það er kannski bara svolítið almennt hérna á Íslandi, að hérna já minnihlutahópar verða einhvern veginn svona útundan og ég tilheyri orðið sko fullt af minnihlutahópum. Það er hérna að vera HIV jákvæður og hommi og lögblindur og ég veit ekki hvað og hvað og þú veist ég segi stundum að ég sé kominn með svarta beltið í öllu. Þú veist bara you name it. Þannig að það hefur bara svona að já. Og ég segi þetta svona í kaldhæðni en, en í leiðinni svona er alvara á bak við þetta sko. Það er svona æ, er ekki komið nóg af verkefnum sko? Maður hefur fengið svolítið sinn skerf af hérna, af verkefnum í lífinu. En ég reyndar lít á þetta sem þroskaferli og að þetta hafi beygt mig en ekki, þetta hefur beygt mig mikið en ekki drepíð mig. Og stundum er maður kallaður hetja eða „duglegur“ ég hef fengið að heyra þetta allt sko sem fatlaður einstaklingur, sko sjónskertur. Æ hann er svo duglegur hann Donni. Hann er svo hitt og þetta. Ég veit að fólk meinar vel en mér finnst þetta ekkert skemmtilegt og ekki frekar en

öðru fötluðu fólki sko að það sé talað um það sem hetjur og að það sé að gera svona sjálfsagða hluti og eins mikið og það getur. Og hérna þá er það svo duglegt og er svo miklar hetjur. Og þetta hljómar kannski svona eins og biturleiki í mér en ég bara sko kominn með svolítið upp í háls af þessu svona lífsreynslu sko. Og hérna, já.

*HRA: Það er reyndar eitt sem að, því að við erum náttúrulega búnar að vera að velta okkur upp úr þessu og svona og horfa á viðtölin við þig. Það er svona þar sem maður sér alltaf glitta í vonina, einhver svona léttleiki. Þú ert survivor.*

Já, það verður ekki tekið, já ég þoli alveg að heyra, já svona long time survivor eins og talað er um af alnæmi. Viðurkennst, já það er svona einhver lífsvilji sko þrátt fyrir erfiðleika og baráttu og hérna, en ég hef alltaf haft svona í grunninn, sko húmor og kaldhæðni og það hefur svona fylgt mér lengi að geta horft á hlutina í mjög kaldhæðnu ljósi sko. Ég tel að það hafi oft bjargað mér sko. En.

*HRA: Kannski líka tvær spurningar sem ég er með. Það voru sumir hlutir sem að gerðu mig bara svolítið reiða þegar ég var að horfa á þetta og það er hérna heterosexuálismi þarna á fyrsti árunum. Hvernig líður þér að horfa á?*

Já, ég var þar, ég fór í gegnum allan tilfinningaskalann við að horfa á þetta. Það kom sorg, það kom reiði og söknuður og gleði og já en reiðin hefur alveg verið fylginautur minn svona í gegnum tíðina. Sko reiði er hluti af áfallaferli. Svo vonandi kemur, áfallaferli er svona sjö stig sko sem endar alltaf vonandi með sátt sko. En sko ég, mér fannst ég alltaf vera að rífa upp sko hjá mér áfallaferlið það lauk aldrei alveg með sátt af því það var alltaf að koma eitthvað meira og meira eins og sjóngervingin og sjónin var að koma og fara í nokkur ár. Ég fór í einhverjar aðgerðir og svona og hérna ég hef alveg fengið minn skammt af reiði og viðurkenni hana nefnilega. Ég hef fengið sko reiðin, tilfinninguna reiði í sátt. Af því að hún er hluti af áfallastreituröskun. En hérna reiði hefur alltaf verið hérna svona að einhverju leyti í minni sjálfsvinnu svona svolítill tabútilfinning, skítuga, leiðinlega tilfinningin, en hún er nauðsynleg til að já, í þessu ferli, áfallaferli, er bara hluti af og í dag leyfi ég mér að finna fyrir ef að ég er reiður eða pirraður. Af því að ég leyfi mér að finna fyrir gleði. Af hverju ætti ég þá ekki að leyfa mér að finna fyrir reiði? En það að horfa á þetta áðan það var þessi einmitt, ignoransinn og bara ótrúleg, sko þetta er svona holskefla sem að ríður yfir samfélag okkar þarna þegar að fólk fer að veikjast og en það kunni enginn neitt, við vissum ekki neitt

sko. En eftir á að hyggja gerði, ég held að flestir hafi gert sitt besta, hérna hjúkrunarfólk, ég á bara góðar minningar um fólkið sem að hjúkraði mér og læknum og hérna gerði það besta sem hægt var að gera á þeirri stundu sko.

*HRA: Svo hérna var svolítið krúttlegt hérna sem, þegar þú segir hérna síðast í viðtalinu að þig langi í samband og þú sért hræddur um að þetta muni hefta þig og...*

Já þetta, ég tók alveg sérstaklega eftir þessu og, í samtalinu og jú, jú, ég er búinn að vera í og úr samböndum síðan þetta viðtal er tekið og það er eins og það er bara og maður áfram einhvern veginn. Ég veit ekki hvort að HIV-ið beint, ja að einhverju leyti hefur það aftrað mér í svona að mynda eða að treysta mér í sambönd sko en eins og ég segi ég er búinn að fara í sambönd reyndar sem að hafa ekki enst en, en hérna í dag er ég samt meira og meira sáttari við að vera í sambandi við sjálfan mig sko. Ég er svolítið að vinna já þá í sjálfsmynd minni og, í tilveru minni. Og í dag er ég sáttur við að búa einn sko. En ég veit ekkert nema það geti breyst í nánustu framtíð en það kemur bara í ljós.

*HRA: Er eitthvað sem við höfum gleymt, ekki fjallað um sem þér finnst vanta ámatlega?*

Ég veit það bara ekki. Þetta er svona, þetta er mjög yfirgripsmikið mál sko einhvernvegin þetta. Og eins og ég segi, ég hef, er ennþá að vinna í sumu. Ég finn það bara meðan ég er að tala við þig að þetta hrærir í mér og ég er ennþá svona að mörgu leyti að púsla lífi mínu saman þannig að ég, það er örugglega ekkert endanlegt svar komið. Hvort það vanti eitthvað, hvort að eitthvað sé ósagt eða, mér dettur bara eiginlega ekkert í hug núna akkúrat eins og er.

*HRA: Hvar hefðu hommar og lesbíur verið ef að alnæmi hefði ekki...*

...komið. Ég er svolítið sammála Þorvaldi í viðtalinu við hann um að þetta ýtti okkur svolítið út úr skápnum fyr en, við hefðum orðið seinna á ferðinni mögulega í réttindabaráttunni held ég. Þetta var svona akút innkoma. Svona blaut tuska í andlitinu, andlitið á þjóðfélaginu og, og bara, já. Ég hugsa að þetta hefði, ef að þetta hefði ekki komið til, þetta hefði seinkað baráttunni okkar til, mannréttindabaráttunni okkar um einhver ár en það er erfitt að geta ímyndað sér hversu lengi en mér hefur alltaf fundist Ísland vera, hafa verið og jafnvel enn, mér fannst alltaf við vera svona 15 - 20 árum á eftir því sem var að ske í Bandaríkjunum og í Evrópu og, en, en við erum svona að ná í skottið á því og mér finnst í dag svona við mögulega hafa fengið fimm til tíu ár stundum á eftir en það eru ábyggilega

margir sem eru ósammála mér í ýmsu sko. En við erum lítið samfélag og hlutirnir eru fljótir einhvern veginn að streyma út eða komast áleiðis til allra, hér. Það er kannski kosturinn samt.

Mér brá fyrst þegar ég byrjaði að horfa á þetta en þetta var náttúrulega hryllingur sko. Fyrst fannst mér þetta svona þegar ég byrjaði að horfa á þetta, vá, var þetta svona óhugnanlegt eða ég upplifði þetta fyrst svona neikvætt sko. En svo varð ég að viðurkenna að þetta, ég meina með grímurnar, búningnana og hjúkrunarfólkið og allt það, ég var eiginlega búinn að gleyma þessu. Og þetta var sem betur fer ekki lengi samt að hérna, þetta með einangrunina og hjúkrunarfólkið í búningum og, en já í byrjun já, en svo fór mér að líða vel með að horfa á þetta, ertu ekki að tala um bara hvernig þetta vindur fram? Já mér finnst þetta svona koma meiri, eða vera bara svona raunsæ lýsing á þessu ástandi. Og hérna gott að geta horft svona til baka þrátt fyrir allt sko hérna þá var sársauki og gleði og svona. En ég sko það sem ég var að tala um áðan, áfallaferli sko sem endar með sátt, ég hérna, ég get ekki sagt endilega að, að það sé komin endanleg sátt hjá þegar ég horfi yfir þetta tímabil þá, en ég er að vinna í því sko. En þetta vakti mig virkilega til, til umhugsunar hérna þetta ferli. En það er samt sem betur fer líka þarna gleði. Yndislegt að sjá hann Bjössa þarna. Og Reyni Má. Og Huldu. Þessar elskur.

...

Ég vissi ekki að þú værir með Huldu þarna. Mér brá svolítið, já. Guð ég sakna hennar svo. Ég heimsótti hana einmitt bara á dauða, eða allra síðustu, síðasta degi sko. Já. Það var svo skrítið að ég væri kominn þarna að kveðja hana sko fannst mér, rosaalega.

---

Ég man náttúrulega alveg eftir frá því Samtökunum '78 í gamla daga. Ég kom til Samtakanna '81.

*HRA: Varstu á ballinu?*

Nei, ég var samt ekki á því balli. Ég kom þarna eiginlega eftir ballið sko. Því miður missti ég af þessu frábæra balli. Eru einhverjar myndir úr eða svona ljósmyndir eða?

Já og náttúrulega.

Sko ég smitast '85 þegar ég er 26 ára. Og hérna verð veikur af alnæmi þegar ég er orðinn, eða sem sagt '96 . '95 - '96. Og síðan koma fyrstu lyfin þarna á elleftu stundu fyrir mig haustið '96. Þá var ég búinn að vera veikur í, tæpt, eða átta mánuði eða eitthvað svoléiðis. Eiga í miklum veikindum.

Ég man þegar að ég lagðist þarna inn fyrst, ég ímyndaði mér ekki að ég væri að fara að liggja þarna í marga mánuði á spítala. Það var mjög skrítið. Ég var svona inn og út því að ég var ekki alveg orðinn en svo var ég meira og meira inni á spítalanum og en að lokum var ég kominn með hérna, hvað heitir þetta, heimilis, heimahjúkrun hérna heima, það var búið að afskrifa mig sko. Ég var að fá síð, bara líknarmeðferð hérna heima. Í næsta herbergi við hliðina. Og mamma þessi elska var hjá mér í hálf ár. Mjög erfitt fyrir hana líka sko.

*HRA: Er hún dái?*

Nei, hún er á lífi. Og bara nokkuð hress sko. Hún býr uppi í neðra Breiðholti. Sem sagt bæði foreldrar mínir eru á lífi. Og ég er í miklu sambandi við þau.

Já það er eins og Trixie var úr Vestmanneyjum líka. Og Stella Hauks.